



Samráðsgátt stjórnvalda, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Mál nr. 212/2021

Reykjavík, 22. nóvember 2021

Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um skráningu einstaklinga nr. 565/2021

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að reglugerð sem birt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda, um breytingu á reglugerð um skráningu einstaklinga nr. 565/2021. Breytingin snýst um að kveða nánar á um skilyrði fyrir vernd skráðra einstaklinga gegn afhendingu upplýsinga með reglugerð sbr. 14. gr. laga um skráningu einstaklinga nr. 140/2019. Vernd sem felst í að geta látið dylja nafn og lögheimili í Þjóðskrá.

SFF vilja í tengslum við breytinguna koma eftirfarandi atriðum á framfæri sem tengist samspili þessa úrræðis við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og þá sérstaklega samspili við skyldur tilkynningaskyldra aðila þegar kemur að því að þekkja viðskiptavinum sína.

Fjármálafyrirtækjum og öðrum tilkynningarskyldum aðilum er skylt að fara eftir ákvæðum áður nefndra laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka þar sem meðal annars kemur fram krafan um að sanna deili á viðskiptavinum skv. 1. mgr. 10. gr. laganna (fá meðal annars upplýsingar um nafn og heimilisfang) og bann við nafnlausum viðskiptum sbr. 7. gr. sömu laga. Jafnframt er fjármálafyrirtækjum skylt að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 70/2019 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. um nafn og heimilisfang greiðanda og/eða viðtakanda millifærslu.

Þar sem fjármálafyrirtæki starfa eftir áður nefndum lögum og reglugerð þá munu þau ekki geta uppfyllt skyldur sínar í þeim tilvikum þegar nafn og heimilisfang er dulið. Mögulega væri þörf á skírskotun til þessa úrræði inn í lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka til að búa til einhvers konar grundvöll fyrir tilkynningaskylda aðila gagnvart þeim sem þurfa að nýta sér þetta úrræði. Reglugerðarbreytingin gerir eingöngu ráð fyrir að einstaka opinberir aðilar geti fengið upplýsingar um viðkomandi ef brýn nauðsyn ber til.

SFF óskar einnig eftir því að reglugerðin taki sérstaklega á þessu atriði svo unnt sé að tryggja að viðkomandi einstaklingar sem þurfa vernd sem þessa geti átt viðskipti við tilkynningarskylda aðila. Þá þarf að mati SFF að aðgreina með skýrum hætti í gagnasendingum frá Þjóðskrá hverjir þetta eru sem eru undir vernd sbr. til dæmis þá aðila sem hafa í dag skýringuna „ótilgreint“ sem heimilisfang frá Þjóðskrá.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur